

ÁRSSKÝRSLA 2014



AÐALFUNDUR 13. MAÍ 2015

EFNISYFIRLIT

Um FKA	2
Pistill formanns FKA	3
Pistill Framkvæmdastjóra FKA	5
Skýrsla Fjölmíðlahóps.....	6
Skýrsla Atvinnurekendadeildar	7
Skýrsla LeiðtogaAuðar.....	8
Skýrsla FKA Norðurlands.....	9
Skýrsla FKA Suðurlands.....	10
Skýrsla Alþjóðanefndar	11
Skýrsla Fræðslunefndar	12
Skýrsla Golfnefndar.....	13
Skýrsla Nýsköpunarnefndar	14
Skýrsla Ungra athafnakvenna	15
Skýrsla Viðskiptanefndar	16
FKA viðurkenningar 2015	17
Árið í hnotskurn	20
Ársreikingur 2014.....	23



FKA var stofnað 9. apríl 1999. FKA er öflugt tengslanet kvenna og er markmið þess m.a. að sameina konur í atvinnulífinu og um leið að auka sýnileika og tækifæri kvenna með því að stuðla að virðingu og verðskuldaðri athygli samfélagsins á framlagi fyrirtækja sem rekin eru af konum.

Framkvæmdastjóri félagsins er Hulda Bjarnadóttir.

Stjórn FKA er kjörin á aðalfundi félagsins í maí ár hvert. Stjórnin er skipuð 7 félögum sem sitja tvö ár í senn. Formaður er kjörinn til tveggja ára.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og gætir hagsmuna þess á grundvelli laga félgsins.

HLUTVERK, MARKMIÐ OG GILDI

Hlutverk FKA er að tengja saman allar konur í atvinnulífinu, efla samstarf og sýnileika þeirra í viðskiptum.

MARKMIÐ

- ✓ Vekja athygli á fyrirmyndarfyrirtækjum.
- ✓ Sýna fram á árangur og stöðu kvenna í atvinnulífinu.
- ✓ Efla viðskiptatengsl.
- ✓ Miðla viðskiptatengdum fróðleik.
- ✓ Álitsgjafar í atvinnulífinu.

GILDI

Gildi FKA eru byggð á skammstöfuninni í heiti félagsins:

- ✓ Framsækni
- ✓ Kunnátta
- ✓ Afl

TEKIÐ SAMAN FYRIR AÐALFUND 13. MAÍ 2015

PISTILL FORMANNS FKA

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

VIÐBURÐARÍKT OG ÖFLUGT STARF

Starfsárið 2014–2015 hefur verið viðburðaríkt í starfi FKA. Vel heppnuð vísindaferð til New York með 50 konum setti tóninn fyrir veturinn. Heimsókn í Colombia Háskóla, fundur með stjórnendum Time Warner, hádegisfundur með kvenstjórnendum í höfuðstöðvum American Express ásamt fundi með íslenskum frumkvöðlum í New York gáfu FKA konum mikinn innblástur fyrir veturinn.

Nefndir og deildir hófu svo starfið ásamt stjórn FKA strax í september með áhugaverðum og vel sóttum fundum, heimsóknum og uppákomum. Ómetanlegt er fyrir félagasamtök eins og FKA að hafa á að skipa öflugum nefndum og deildum sem klæðskerasauma viðburði eftir tíðarandanum og þörfum hvers hóps. Kraftur, elja og hugmyndaauði hafa einkennt starfið og fyrir það er stjórn FKA afar þakklát.

Veturinn 2015 hófst með fullu húsi á Kick Off fundi undir stjórn Rúnu Magnúsar sem stýrði markmiðasetningu fyrir árið 2015, með það að leiðarljósi að a) hafa áætlun, b) að leyfa sér að dreyma, c) átta okkur á því hvers vegna draumurinn okkar er mikilvægur og síðast en ekki síst að sjá fyrir okkur hvernig draumurinn rætist. Mikið var hlegið og meira að segja smá dansað þrátt fyrir dimman janúarmorgun.

Einn af stærstu viðburðum vetrarins er ávallt FKA viðurkenning sem var afar glæsileg í ár haldin í Hörpu í enda janúar. Viðurkenning FKA er orðin fastur liður í íslensku atvinnulífi og er sérlega gaman að sjá hversu fjölbreyttur hópur mætir og heiðrar viðurkenningahafa með nærveru sinni. Öflugt starf starf nefnda og deilda hélt áfram með dyggum stuðningi Huldu Bjarnadóttur, framkvæmdastjóra félagsins. Að öðrum viðburðum ólöstuðum þá er vert að minnast á 8. mars, alþjóðlegan dag kvenna um allan heim, sem við höldum hátíðlegan í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í Háskóla Íslands með áherslu á tungumál í viðskiptum.

FJÖLBREYTILEIKI

Eins og kynnt var á aðalfundi 2014 þá var fókusinn settur á fjölbreytileika innan FKA og í september var stofnuð ný deild Ungar Athafnakonur (UAK). Tæplega 200 ungar konur mættu á stofnfundinn og hafa u.þ.b. 120 ungar konur staðið að deildinni í vetur, þar sem þær hafa haft sína eigin viðburði ásamt því að nýta sér almenna dagskrá FKA.

En fjölbreytileiki nær ekki bara í eina átt og því lagði stjórn á það áherslu í vetur að hlúa vel að eldri hópnum innan FKA. Konum sem hafa staðið vaktina undanfarin 15 ár. Upp úr þeirri vinnu er nú að formast hópur sem kallar sig Sóleyjar og eru FKA konur sem komnar eru uppað eftirlaunaaldri en vilja starfa áfram með félaginu og gefa okkur hinum þannig tækifæri til að njóta reynslu þeirra og félagsskapar áfram. Þetta starf mun þróast áfram á komandi misserum.

15 ÁRA AFMÆLI FKA

Allt árið 2014 höldum við uppá 15 ára afmæli FKA og slúttuðum því með sérlega vel heppnuðum afmælisfögnuði á VOX í nóvember.



SÖGULEGT ÁR

Árið 2015 er sögulegt ár fyrir okkur Íslendinga þar sem í ár er 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Árið 1915 voru áhrif og völd samfélagsins einvörðungu í höndum karlmannna ásamt örlögum og tækifærum kvenna. Í dag 100 árum seinna finnur maður hversu mikið hefur breyst og við getum verið stolt þjóð sem situr í efsta sæti þegar kemur að jafnrétti í heiminum samkvæmt World Economic Forum. Konur í dag eru virkar og áhrifamiklar í íslensku samfélagi, en við verðum að huga vel að því, að sú þróun haldi áfram, staðni ekki og þróist inn á sem flest svið mannlífsins. FKA er mikilvægur hlekkur í þessari þróun með það hlutverk að efla, miðla og tengja saman konur í íslensku atvinnulífi.

FRAMSÆKNI, KUNNÁTTA OG AFL

Gildin okkar endurspeglast í nafni félagsins og birtast þannig í öllu okkar starfi. Stór, öflugur og reynslumikill hópur stendur að félaginu og getum við með sanni sagt að félagið standi undir gildunum: Framsækni, kunnátta og afl.

FKA er sannarlega orðið afl, framsækið félag sem tekur þátt í að breyta og hafa áhrif á íslenskt samfélag og atvinnulíf.

Stjórn FKA ef afar þakklát fyrir öflugt, skemmtilegt og fjölbreytt starf og þakkar öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg hvort heldur er með skipulagningu og undirbúningi eða með mætingu og virkri þátttöku á viðburðum og í innra starfi félagsins.

Kæra FKA kona, gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn. Gangi þér allt í haginn og megi draumar þínir rætast.

Fyrir hönd stjórnar FKA
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Formaður FKA

STJÓRN FKA 2014

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður
Bryndís Emilsdóttir, varaformaður
Guðrún Magnúsdóttir, Iðunn Jónsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir,
Kolbrún Víðisdóttir, Ólöf Guðmundsdóttir Salmon

PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA

Hulda Bjarnadóttir

Kæru félagskonur.

Félagið hélt áfram að vaxa á starfsárinu og var sérlega ánægjulegt að sjá ungar athafnakonur koma inn af krafti í félagið. Það hefur lengi verið rætt að efla ungar konur til athafna og reksturs og því var það kærkomið að styðja við ungar og metnaðarfullar stelpur sem allar skilgreina sig sem framtíðarleiðtoga sem vilja læra af þeim sem reyndari eru. Félagið leitast við að hafa mótandi jákvæð áhrif á atvinnulífið en ekki síður að vera eftirsótt fyrirmynd. Því hefur það verið gefandi að styðja við yfir 100 félagskonur sem bættust við sem eining þetta starfsárið.

INNVIÐIR FÉLAGSINS

Um leið og breytingar og skyndileg fjölgun félagskvenna verður, þá er það einnig svo að vaxtaverkir verða í ferlinu líkt og við þekkjum. Undangengin ár höfum við ýmist opnað félagið fyrir stjórnendum eða tekið við einingum í heilu lagi svo sem LeiðtogaAuði og nú síðast Ungum athafnakonum. Allir hafa tekið þátt í að byggja upp og breyta eftir því sem þurfa þykir og nú ættum við að vera komnar með það kerfi sem getur haldið utan um þá sjálfstæðu hópa og deildir sem starfa undir hatti félagsins og eru með sínar eigin samþykktir og skipulag.

ÁSÝND OG ÞÁTTAKA FÉLAGSKVENNA

Það er mikið leitað til félagsins og komum við gjarnan að hugmyndavinnu til að tryggja aðkomu kvenna á opinberum vettvangi hverju sinni. Þannig viljum við vera þátttakendur í verkefnum sem skipta okkur máli, verkefnum sem skipta samfélagið málið og verkefnum sem styðja við tilgang og markmið félagsins. Því höfum við frumkvæði að því að koma félaginu, sem og félagskonum, á framfæri. Við höfum verið fastir greinahöfundar í viðskiptablöðunum undanfarnin ár og reynum að koma félagskonum að þegar við á. Þó að nafn félagsins komi ekki alltaf fram þá eykur þetta ásýnd okkar kvenna.

Félagskerfið er orðið að mikilvægu og hagnýtu tæki í að koma félögum á framfæri. Því skipta prófílar ykkar á heimasíðunni miklu máli og ekki síður lykilorð (Tags). Ég legg til að allar birti lýsandi titla, fyrirtækja- og sérfræðiheiti, ásamt því að hafa mynd í prófíl. Þannig verður ásýndin út á við til fyrirmyndar.

MIKILVÆG VERKEFNI

Samhliða stækkun félagsins er mikilvægt að missa ekki sjónar á þeim verkefnum sem stuðla að framþróun og samtali í atvinnulífinu. Það er því mikilvægt að við fáum tækifæri til að koma að verkefnum. Sem dæmi um það vorum við þakklátar á dögunum að vera tilnefndar inn í dómnefnd hjá Nordic Business Report af Viðskiptaráði Íslands. Með þátttöku gefst okkur kostur á að velja ásamt öðrum Top 20 Women in Business í Norður Evrópu. Við viljum vinna þétt með samtökum í atvinnulífinu og flutningur í Hús atvinnulífsins styrkir það markmið. Við höfum unnið ötullega að fræðslumálum með Kauphöllinni/Nasdaq Iceland og VÍB í vetur og árlega vinnum við með Íslandsstofu að ÚH verkefninu svokallaða ásamt fleiri frumkvöðla og nýsköpunarverkefnum.

Að lokum þakka ég gefandi og gott starfsár, Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri FKA



SKÝRSLA FJÖLMIÐLAHÓPS

Starf fjölmiðlahóps hefur það markmið að auka ásýnd kvenna í fjölmiðlum landsins.

Formaður

Rakel Sveinsdóttir

Spyr.is

Aðrar í hópnum eru:

Helga Margrét Reykdal

Truenorth ehf.

Hulda Bjarnadóttir

FKA/Hringbraut-Miðlun ehf.

Hulda Dóra Styrmsdóttir

Háskólinn í Reykjavík

Íris Gunnarsdóttir

Lyf og heilsa ehf.

María Maríusdóttir

Drangey

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Formaður FKA.


2014-15

FJÖLMIÐLAHÓPURINN Á BAKVIÐ TJÖLDIN

Mikil undirbúningsvinna hefur staðið yfir í vetur hjá fjölmiðlahóp FKA. Ber þar hæst að hópurinn hitti að máli forsvarsmenn stærstu miðlana þar sem verkefni FKA um að auka ásýnd kvenna í fjölmiðlum var rætt í þaula. Úr varð að útvarpsstjóri og forstjóri 365 miðla, verða sérstakir frummælendur á veglegri ráðstefnu FKA næsta haust, þar sem þeir munu kynna aðgerðarplan fyrir sína miðla, í þágu þess verkefnis að auka ásýnd kvenna í fjölmiðlum. Á þeirri ráðstefnu, verða einnig kynntar nýjar tölur frá Creditinfo.

Fjölmiðlahópurinn fylgdist einnig náið með þróun mála erlendis og þar bar hæst að breska lávarðadeildin, lét gera úttekt fyrir sig í Bretlandi, mjög sambærilegri þeirri og FKA fékk Creditinfo til að gera hérlandis. Í Bretlandi, voru niðurstöður kynntar í sérstakri skýrslu bresku lávarðadeildarinnar en þar mátti sjá áþekkar niðurstöður og við þekkjum héðan: 30:70. Í kjölfar þessara fréttu, óskaði fjölmiðlahópur FKA eftir fundi með Allsherjarnefnd Alþingis, þar sem verkefni FKA var kynnt í heild sinni. Með þessu vildi fjölmiðlahópur FKA, benda íslenskum stjórnámönnum á, að FKA er að standa fyrir verkefni hér á landi, sem kollegar þeirra eru sjálfir að standa fyrir erlendis og láta sig málin mjög svo varða.

Almenn jákvæðni gildir gagnvart því að auka á ásýnd kvenna í fjölmiðlum, en betur má ef duga skal svo einhverjar breytingar verði sýnilegar. Í ljósi kjaradeilna, taldi fjölmiðlahópurinn áður ákveðna tímasetningu um að blása í lúðra fjölmiðlaráðstefnu með vorinu til þess að kynna aðgerðarplön eða nýjar tölur, hins vegar ekki heppilega. Því varð úr, að ráðstefnunni var frestað fram á haustið, sem og næsta fjölmiðlaþjálfunarnámskeiði. Það námskeið verður undir leiðsögn fjölmiðlakonunnar Sirrýar.



SKÝRSLA ATVINNUREKENDADEILDAR

Félagskonur sem sjá um starfssemi Atvinnurekendadeildar:

Meðlimir stjórnar eru:

Formaður:	Jónína Bjartmarz Lilja Bjarnadóttir Inga Sólnes Þórdís Helgadóttir	OK/Okkar konur í Kína ehf. Denim ehf. – Levi's á Íslandi Gestamóttakan ehf. - Your Host in Iceland Hárný ehf.
-----------	---	--

Varamenn:

Hulda Helgadóttir Ingibjörg Gréta Gísladóttir Ásdís Valsadóttir	HH Ráðgjöf Reykjavík Runway Húsaskjól	Starfandi ritari stjórnar
---	---	---------------------------

2014-15

HAUSTFUNDUR Í IÐNÓ

Þann 4 nóvember var haldinn fjölsóttur félagsfundur í hádeginu í Iðnó þar sem félagskonurnar Kristín Stefánsdóttir, „No Name” og eigandi Adriana ehf. var með framsögu undir yfirskriftinni „Ofvirkni virkar” og Stefanía Katrín Karlsdóttir, einn eigenda og stofnenda Matorku ehf. um „að stofna og byggja upp fyrirtæki”. Fundur þessi var mjög vel sóttur, framsögur þeirra Kristínar og Stefaníu bæði skemmtilegar og gagnlegar svo og umræðurnar í lok fundar.

FJÁRMÖGNUN FYRIRTÆKJA KVENNA; SAMTAL VIÐSKIPTABANKA OG KVENATVINNUREKENDA

19. febrúar sl. stóð deildin fyrir stórum fundi undir yfirskriftinni „Fjármögnun fyrirtækja kvenna; samtal viðskiptabanka og kvenatvinnurekenda”. Framsögumenn af hálfu deildarinnar voru þær Auður Jóhannesdóttir, búðarkona/stórkaupmaður, Brynja Guðmundsdóttir, stofnandi og forstjóri AZAZO/Gagnavörslunnar og Stefanía Katrín Karlsdóttir stofnandi Matorku. Af hálfu viðskiptabankanna talaði Brynhildur Georgsdóttir, útibússtjóri hjá Arion banka, Sigríður A. Árnadóttir, viðskiptastjóri hjá Landsbankanum og Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka. Magnaður fundur, sérstaklega fyrir einlægar frásagnir félagskvennanna 3ja, af vegferð hvernar um sig eftir að þær réðust í að stofna eigin fyrirtæki og af allri vinnunni sem þær eiga að baki við fjármögnun. Af framsögum loknum urðu fjörugar umræður, en bæði þær og framsögurnar sýndu þörf fyrir frekari umfjöllun um sama og önnur svipuð efni á vettvangi deildarinnar.

KÖNNUN UM „ATVINNUREKSTUR KVENNA“

Stjórn deildarinnar hefur unnið markvisst að undirbúningi könnunar á „Atvinnurekstri kvenna”. Styrkur til framkvæmdar könnunarinnar fékkst frá Atvinnu- og Nýsköpunarráðuneytinu síðla sumars 2014. Stjórnin hefur unnið að spurningalista sem lagður verður fyrir úrtak sem gert er ráð fyrir að nemi 800 konum „sem eiga og reka fyrirtæki einar eða með öðrum”. Í góðu samtarfi við Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra hefur verið unnið þýði fyrir könnunina sem samanstendur af þeim íslensku fyrirtækjum sem stjórn deildarinnar er sammála um að réttast og best uppfylla það að kallast „kvenfyrirtæki”. Jafnframt hefur verið ákveðið að bjóða félagskonum í deildinni að leggja því lið að sem best svörin fáið í könnuninni með gjafabréfum frá fyrirtækjum þeirra sem dregið verður um úr hópi svarenda.

Í samþykktum atvinnurekendadeildar segir að þær konur eigi rétt á aðild sem „eiga og reka fyrirtæki einar eða með öðrum”. Í kjölfar umræðna á stofnfundi um að aðildin væri hugsanlega of opin var stjórn falið að setja reglur til þrengingar. Stjórnin varð við þessu á einum fyrsta fundi sínum eftir stofnfundinn og breytti reglunum, en að fenginni reynslu síðustu 18 mánaða tók hún þær reglur til endurskoðunar fyrir aðalfundinn 7. maí sl. og nú eru skilyrði fyrir félagsaðild að Atvinnurekendadeild ekki önnur en að „eiga og reka fyrirtæki ein eða með öðrum” – með mannaforráð eða stefna að mannaforráðum.

AÐALFUNDUR 7. MAÍ 2015

Atvinnurekendadeild hélt aðalfund 7. maí sl. þar sem ný stjórn var kjörin og fráfaramandi stjórnarmönnum sem unnið höfðu ötullega frá stofnun deildarinnar þökkuð störf þeirra.

SKÝRSLA LEIÐTOGA AUÐAR

Félagskonur sem sjá um starf LeiðtogaAuðar

Meðlimir stjórnar eru:

Formaður:	Ruth Elvarsdóttir	Alcoa Fjarðaál hf.
Varaformaður:	Sigbrúður Guðmundsdóttir	Ráðgjöf og sérfræðiaðstoð
Ritari:	Hrönn Greipsdóttir	Arev Verðbréfafyrirtæki hf.
Gjaldkeri:	Guðbjörg Anna Guðmundsdóttir	Íslandsbanki hf.

Aðrir í stjórn:

Helena Hilmarisdóttir	Okkar líftryggingar hf.
Helga Valfells	Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

2014-15

AÐALFUNDUR

Aðalfundur LeiðtogaAuðar árið 2014 var haldinn 5. júní í húsakynnum Heilsu, Bæjarflöt 1, Reykjavík. Úr stjórn gengu Ása Karín Hólm og Auður Daníelsdóttir. Í þeirra stað komu Guðbjörg Anna Guðmundsdóttir og Helena Hilmarisdóttir. Ný stjórn kom saman stuttu seinna og skipti með sér verkum. Í vorferðarnefnd voru kosnar Sigfríður Eik Arnardóttir og Þórdís Ólafsdóttir. Í viðburðanefnd voru kosnar Guðfinna Ingjaldsdóttir og Þórdís Úlfisdóttir. Í inntökunefnd voru kosnar Auður Daníelsdóttir og Guðný Benediktsdóttir. Að loknum aðalfundarstörfum fræddust konur um starfsemi UN Women og fengu kynningu á Heilsu.

VORFERÐ

Árleg vorferð LeiðtogaAuðar var um miðjan maí og var haldið að Hótel Geysi. Um fjörutíu konur tóku þátt og ferðin þótti takast afar vel. Á dagskrá var örnámskeið undir forystu Guðrúnar Högnadóttur og að því loknu dagskrá um þjónandi forystu. Þar fluttu erindi Janne Sigurðsson, forstjóri Alcoa og Orri Hauksson, forstjóri Símans. Hrönn Greipsdóttir og Arionbanki buðu síðan til síðdegisveislu í sumarhúsi Hrannar og að henni lokinni var herleg kvöldverðarveisla að hætti kokksins og gleðskapur að eigin vali fram eftir nóttu. Morguninn eftir kynnti Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri FKA félagið og starfsemi þess. Að því loknu tók hópurinn snarpa yfirferð á áherslum næstu ára.

MEET IN REYKJAVÍK

Dagskrá vetrarins hófst með haustfundi 21. október í boði Meet in Reykjavík á Hilton Nordica Hótel. Sigurjóna Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri, leiddi fundinn og kynnti starfsemi MIR. Vel var mætt á fundinn og góður rómur gerður að kynningu Sigurjónu. Í lok fundar nutu félagskonur léttar veitinga í boði MIR.

JÓLAFUNDUR

Vegna tíðarfars var jólafundurinn fluttur til 2. janúar. Þá sótti stór hópur félagskvenna heim Kristínu Eysteinsdóttur leikhússtjóra í Borgarleikhúsinu. Kynnti hún starfsemi leikhússins og Hrafnhildur Hagalín leikskáld tók síðan við og kynnti jólasýninguna Dúkkuheimilið. Að lokinni kynnisferð um húsið var boðið upp á léttar veitingar.

ÓFORMLEGIR FUNDIR OG FÉLAGSSTÖRF

Óformlegir hádegisfundir voru á dagskrá í hádeginu á þriðja þriðjudegi hvers mánaðar. Voru þeir haldnir á VOX og verður að segjast eins og er að mæting hefði mátt vera betri, en þær félagskonur sem mættu nutu uppbyggilegra samræðna yfir góðum hádegisverði.

Mikil vinna var lögð í yfirferð á félagskrá LeiðtogaAuðar fyrri hluta vetrar. Helena Hilmarisdóttir og Hulda Bjarnadóttir báru hitann og þungann af því verki. Einnig var haft samband við hóp félagskvenna sem fallið höfðu út af félagskrá undanfarin tvö ár og gengu nokkrar þeirra aftur til liðs við félagið. Nokkrar nýjar konur voru teknar í félagið á árinu og eru félagskonur nú um 130.

SKÝRSLA FKA NORÐURLANDS

Félagskonur sem sjá um starfsemi félagsins á Norðurlandi

Inga Vestmann	Pedromyndir ehf.
Ingibjörg Ringsted	Lostæti ehf.
Katrín Káradóttir	Kista í Menningarhúsinu Hofi

2014-15

FASTUR „HITTINGUR“

Norðankonur hafa haft fastan „hitting“ annan þriðjudag í mánuði, ýmist hittast þær í morgunkaffi eða borða saman hádegismat.

„TÆKIFÆRI FYRIR KONUR“ & FEMALE

FKA á Norðurlandi stóð fyrir opnum kynningarfundum „Tækifæri fyrir konur“ í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Akureyrarstofu í desember sl. Þetta var opinn fundur þar sem kynnt voru verkefni sem miða að því að styðja við konur í atvinnurekstri. Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri FKA mætti á fundinn og nýtti tækifærið til að kynna FKA. Þarna voru erindi m.a. frá Byggðastofnun, þar sem kynntur var nýr lánaflokkur sem styður við fyrirtækjarekstur kvenna og Vinnumálastofnun, sem kynnti Evrópuverkefnið FEMALE. Fundurinn var vel sóttur og fræðandi.

PURITY HERBS

Ásta Sýrusdóttir, eigandi Purity Herbs, bauð félögum í morgunkaffi í fyrirtækið sitt og sagði frá sínum rekstri. Heimsóknin var afar áhugaverð.

BENETTON OG LEVI'S

Í febrúar bauð Lilja Bjarnadóttir í Benetton og Levi's FKA konum í morgunkaffi og sýndi þeim verslanirnar.

„SPARK Í RASS“

Í febrúar kom Rúna Magnúsdóttir, alþjóðlegur fyrirlesari og stjórnendamarkþjálfari, norður með námskeiðið „Spark í rass“, þar sem fimmtíu kraftmiklar konur tóku þátt í frábæru námskeiði.

AÐALFUNDUR FKA

Nokkrar félagskonur að norðan munu svo mæta á aðalfund félagsins í maí og kíkja á félagskonur í leiðinni.

SKÝRSLA FKA SUÐURLANDS

Félagskonur sem sjá um starfsemi félagsins á Suðurlandi

Rósa Traustadóttir

Hugform ehf.

2014-15

FACEBOOK OG SAMFÉLAGSMÍÐLAR

Í maí 2014 var haldið námskeið um facebook og samfélagsmiðlana sem Dagný Jóhannsdóttir Master of Business Administration kenndi. Námskeiðið var ágætlega sótt og félagar ánægðir með það. Þetta var lokapunkturinn fyrir sumarið en starfið hófst svo aftur í september.

FASTIR FUNDIR FYRSTA FIMMTUDAG Í MÁNUÐI

Félagskonur á Suðurlandi hittast í Eldhúsinu hjá Katharinu Síbyllu Snorradóttur að Tryggvagötu 40 fyrsta fimmtudag í mánuði og eiga þá gott spjall og fara yfir hvað er á döfinni hjá félagskonum á svæðinu.

JÓLAILMURINN Í SJAFNARBLÓMUM

Í desember var haldinn jólafundur í Sjafnarblómum þar sem félagskonur „önduðu að sér jólailminum“ og ræddu um hvað betur mætti fara í starfinu hjá okkur og hvernig við gætum fjölgað í Suðurlandsdeildinni.

FKA KYNNING

Í febrúar 2015 kom Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri og hvatti okkur til áframhaldandi starfa, kynnti starfsemi samtakanna og kom með ýmsar tillögur um hvað við gætum gert til að fjölga konum og gera starfið áhugaverðara.

„PROFILE“ VINNUFUNDUR

Í mars var haldinn „profile“ vinnufundur þar sem Hulda kom aftur og leiddi konur í gegnum ferlið á vefsíðu félagsins.

PEPP FUNDUR MEÐ FORMANNI SA

Í apríl kom Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðstjóri Kjörís og formaður Samtaka atvinnulífsins, og hélt frábæran fyrirlestur um hvað FKA hefur gert fyrir hana. Að vanda náði Guðrún konum á flug og var vel mætt á fundinn og fullt af nýjum andlitum.

AÐALFUNDUR FKA

Í maí er ákveðið að fjölmenna á aðalfund FKA og ljúka þannig þessu starfsári.

SKÝRSLA ALÞJÓÐANEFNDARAR

Félagskonur sem sjá um starf nefndarinnar og að efla erlend samskipti

Meðlimir stjórnar eru:

Formaður:	Sigríður Hrund Guðmundsdóttir	Fasteignakaup ehf.
Aðrir í stjórn:		
Áslaug Gunnlaugsdóttir	Local lögmenn sf.	
G. Harpa Hauksdóttir	Townhouse	
Jónína Bjartmarz	Okkar konur í Kína ehf.	
Martha Eiríksdóttir	Lítill heimur ehf.	
Sigrún Traustadóttir	ISAVIA ohf./Vörubretti/ISOR	
Þuríður Hrund Hjartardóttir	Icepharma	

2014-15

RÁÐSTEFNAN GLOBAL SUMMIT OF WOMEN (GSW)

Fulltrúar FKA tóku þátt í alþjóðlegri ráðstefnu GSW í París í júní sl., en FKA er alþjóðlegur samstarfsaðili GSW. Yfir 1200 konur frá yfir 80 löndum sóttu ráðstefnuna þar sem saman voru komnir frumkvöðlar, stjórnendur úr atvinnulífinu og hinu opinbera, stjórnmalamenn og fulltrúar frjálsra félagasamtaka. FKA hefur í samstarfi við Hörpu ráðstefnu- og tónlistarhús og Meet in Reykjavík, sem einnig var þátttakandi í GSW verkefninu, unnið að því að leita leiða til þess að fá ráðstefnuna til Reykjavíkur. Hanna Birna Kristjánsdóttir, fv. innanríkisráðherra hélt erindi á ráðstefnunni og fór fyrir sendinefnd sem fór formlega út á vegum félagsins.

HAUSTFERÐ FKA TIL NEW YORK

Árleg haustferð FKA kvenna var til New York í október. Dagskráin hófst strax í Keflavík er Elin Árnadóttir og stjórnendur ISAVIA tóku á móti hópnum. Fyrsta daginn var einn helsti og virtasti háskóli heims, Columbia University, heimsóttur og þar tók Dóra Sigfúsdóttir og prófessor John Allegrante á móti okkur. Þá var farið í höfuðstöðvar IBM þar sem Janet C. Salazar stofnandi og forstjóri IMPACT Leadership 21 tók á móti okkur ásamt áhrifakonum úr bandarísku viðskiptalífi. Daginn eftir tók Ólafur Jóhann Ólafsson, Executive VP hjá Time Warner Inc., á móti okkur ásamt hans flotta og efnilega stjórnendateymi. Við fengum mjög áhugaverða kynningu um starfsemi Time Warner Digital Media og áttum gott spjall. Síðan var farið niður í World Financial Center í heimsókn til American Express þar sem við hittum Sigríði Sigurðardóttur, VP Digital Distribution & Client Management. Hún tók höfðinglega á móti okkur ásamt fleiri kvenstjórnendum samstæðunnar. Kynntumst við því sérstaklega hvernig stefna og kúltúr þessa stóra alþjóðlega fyrirtækis hvetur konur áfram innan fyrirtækisins og hjálpar þeim að sækja fram í stjórnenda-stöður. Daginn eftir byrjuðum við á notalegum veitingastað sem heitir Whitehall og hlýddum á mjög skemmtilega og áhugaverða fyrirlestraröð íslenskra frumkvöðla, fræddumst um þeirra störf og áskoranir í vesturheimi. Síðasti dagurinn var fallegur en svalur og gafst þá tækifæri til þess að virða fyrir sér borgina fótgangandi eða á hjóli. Það var ánægjulegt að hitta fyrir áræðna Íslendinga sem hafa haslað sér völl á erlendum vettvangi hjá alþjóðlegum fyrirtækjum eða með því að setja á fót eigin fyrirtæki og fá innsýn í þeirra störf. Það voru því glaðbeittar FKA konur sem lentu í Keflavík, uppfullar af fróðleik og með tengslamálin í lagi.

ALÞJÓÐADAGUR KVENNA 8. MARS

Efnt var til málsþings í hátíðarsal Háskóla Íslands í samstarfi við stofnun Vigdísar Finnbogadóttur undir yfirskriftinni „Tungumál og viðskipti“. Flutt voru mjög skemmtileg og áhugaverð erindi með ólíka nálgun: Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, talaði m.a. um tækifæri og áskoranir til atvinnu- og nýsköpunar í tengslum við miðlun rannsókna- og menningartengdrar ferðaþjónustu. Danielle Pamela Neben, stjórnarmaður hjá Landsbankanum, sagði frá sinni reynslu við störf í mismunandi menningarheimum. Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu veitti okkur skemmtilega innsýn í hvernig „Menning er málið“ og Hildur Einarsdóttir, forstöðumaður vörustjórnunar Össurar, tók áhugaverðan vinkel á því „hvort fætur væru alþjóðlegir“. Fundargestir fjölmenntu síðan yfir Suðurgötuna strax eftir fundinn þar sem fyrsta skóflustungan að Vigdísarstofnun fór fram.

HAUSTFERÐ FKA 2015

Verkefnahópurinn innan Alþjóðanefndar vinnur að skipulagningu ferðar til Barcelona 23.-28. september 2015.

SKÝRSLA FRÆÐSLUNEFNDAR

Hlutverk fræðslunefndar er að vinna að fræðslumálum félagskvenna í formi verkefna og funda.

Meðlimir stjórnar eru:

Formaður:	Hildur Elín Vignir	ÍÐAN - fræðslusetur
Varaformaður:		
Ritari:		

Aðrir í stjórn:

Björg Eggertsdóttir	Björg Egg
Lára Jóhannsdóttir	Alvör Ráðgjöf ehf.
Lára Óskarsdóttir	Vendum ehf.
Ragnhildur Ágústsdóttir	Advania
Steindóra K. Gunnlaugsdóttir	New Music Productions Ltd.
Unnur Guðrún Pálsdóttir	HaPP ehf.

EKKI LÁTA STELA FRÁ ÞÉR, FRÖKEN FRUMKVÖÐULL: BÖNN OG BOÐ Í HEIMI EINKALEYFA

Í október 2014 var haldinn fundur undir yfirskriftinni „Ekki láta stela frá þér, fröken frumkvöðull“ þar sem fjallað var um boð og bönn í heimi einkaleyfa. Á fundinum var hagnýt umfjöllun um það hvernig vernda má vörumerki, viðskiptahugmyndir og annað sem oft telst meðal verðmætustu eigna fyrirtækja. Á honum komu fram Magnús Scheving, frumkvöðull og stofnandi Latabæjar, sem var fundarstjóri en deildi jafnframt af reynslu sinni. Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofu, fjallaði um hinn opinbera ramma. Þjarney Harðardóttir, framkvæmdastjóri markaðsmála og viðskiptaþróunar hjá 66°Norður, deildi reynslu og lærdómi og fjallaði um hvernig fyrirtækið verndar vörumerkið 66°Norður og hugverk þess. Í lokin voru spurningar og svör en þá bættist hugverkalögfræðingurinn Lovísa Jónsdóttir frá Tego í hópinn. Tego sérhæfir sig í að aðstoða viðskiptavinum við að skrá og vernda hugverkaréttindi sín. Mikil þátttaka var á fundinum og líflegar og fróðlegar umræður.

NETVERSLUN

Síðasti atburður vetrarins fjallaði um NETverslun & þróun kauphegðunar. Fundurinn sem var haldinn þriðjudaginn 14. apríl í Húsi Viðskiptalífsins að Borgartúni 35 var mjög fræðandi og vel sóttur. Ragnheiður Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar, stýrði fundinum og var með inngangskynningu á þróun og framtíðarhorfum netverslunar. Skömmu fyrir fundinn kom út „Bókin um vefinn“ en Ragnheiður var ein af útgefendum bókarinnar. Erindið „Vefverslun fyrir lítinn markað“ flutti Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, iðnaðartæknifræðingur og verslunar- & vefstjóri hjá ELKO. Guðrún Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri KOKKA ehf. og stjórnarmaður í Rannsóknarsetri verslunarinnar (RSV) og Auður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri LIFA ehf., deildu með fundarmönnum upplýsingum um þróun kauphegðunar viðskiptavina sinna og um leið reynslu af rekstri vefverslunarinnar www.kokka.is.

SKÝRSLA GOLFNEFNDAR

Sér um árlegt golfmót félagsins

Meðlimir stjórnar eru:

Formaður:	Herdís Jónsdóttir	Happy Campers ehf.
Varaformaður:		
Ritari:		

Aðrir í stjórn:

Elín Sveinsdóttir	ES Production
Fjóla G. Friðriksdóttir	Forval heildverslun ehf.
Sigrún Edda Jónsdóttir	Egilsson ehf.
Sigfríð Runólfsson	Safalinn ehf.

2014-15

ÁRLEGT GOLF MÓT FKA

Hið árlega skemmtigolfmót FKA kvenna fór fram í Borgarnesi 12. júní 2014, þar sem spilaðar voru 12 holur í 2ja manna Texas spili í fallegu veðri innan um fallega náttúru. Gult og grænt var þema dagsins og mættu yfir 50 konur í glaðlegum litum. Á leiðinni í Borgarnes var stoppað í Hespúhúsinu hjá Guðrúnu Bjarnadóttur náttúrufræðingi en hún upplýsti okkur um litun á lopa með hjálp náttúruvænna. Eftir mótið var skundað í Landnámssetrið þar sem félagskonan Sigríður Margrét Guðmundsdóttir tók á móti FKA konum. Þar var fremreiddur dýrindis kvöldverður og afhent verðlaun. Frábær dagur og vel heppnaður og það voru glaðar golfkonur sem komu í bæinn um kvöldið.

BOÐSMÓT Í SAMSTARFI VIÐ GKG

Þann 27. júní, á einum sólríkasta degi sumarsins, hélt FKA lokað boðsmót í tilefni 15 ára afmælis félagsins í Leirdalnum hjá GKG. Þetta mót var nýjung og haldið í samstarfi við GKG sem fagnaði 20 ára afmæli golfklúbbsins. Mótið var lokað fyrirtækjamót og spilaðar voru 18 holur Texas scramble og merktu fyrirtæki sínar brautir og bjuggu til lið sem kepptu svo við lið annarra fyrirtækja. Þetta mót var einnig hugsað til að efla tengslamyndun í félaginu og var álit okkar í golfnefndinni að vel hefði tekist til. Þátttaka var mjög góð og seldist upp í mótið. Margir þátttakenda höfðu á orði að þetta mót hefði verið eitt það skemmtilegasta sem þær höfðu tekið þátt í. Að loknu móti var snæddur kvöldverður og veitt verðlaun fyrir efstu sætin.

SKÝRSLA NÝSKÖPUNARNEFNDAR

Nefndin leggur áherslu á sterk tengsl félagskvenna við starf á sviði frumkvöðla og nýsköpunar. Markmiðið er miðlun upplýsinga og kynningar, þátttaka í viðburðum og öllu því sem viðkemur nýsköpun.

Meðlimir stjórnar eru:

Formaður:	Sigrún Jenný Barðadóttir	Eimverk Distillery
Varaformaður:		
Ritari:		

Aðrir í stjórn:

Erna Arnardóttir	Allt merkilegt
Stefanía Kristinsdóttir	Einurð ehf.
Guðný Reimarsdóttir	EcoNord ehf.
Ragnheiður Friðriksdóttir	Reykjavík Concierge
Þóra Þorvarðardóttir	Talnaberg ehf.

2014-15

SAMSTARF VIÐ KVENN

Nýsköpunarnefnd FKA byrjaði starfsemi vetrarins í september 2014 á að ganga í formlegt samstarf við KVENN, Félag Kvenna í Nýsköpun. Elínóra Sigurðardóttir og Sigrún Jenný Barðadóttir formenn beggja félaga handsöluðu samstarfið sem gengur út á að opna viðburði sína fyrir félögunum og annarri samvinnu.

HEIMSÓKN Í FABLAB

24. september síðastliðinn tók Stefanía G. Kristinsdóttir, verkefnastjóri Fab Lab, á móti félagskonum í Fab Lab sem er stytting fyrir enska orðið Fabrication Laboratory. Starfsmenn Fab Lab kenna fólki hvernig það getur breytt hugmynd í vöru, aðstoðar við gerð prótótýpa eða gerð listaverka og hönnunargripa, allt með hjálp stafrænnar tækni.

Stefanía fræddi félagskonur um starfsemina og fengu konurnar einnig kynningar frá einstaklingum sem nýtt höfðu sér aðstöðuna.

SEED FORUM

Mánuði síðar, 24. október var Seed Forum ráðstefnan haldin í 20. sinn í Arion banka í Borgartúni. Hópur félagskvenna fór og kynnti sér þau fyrirtæki sem komu fram á ráðstefnunni.

PITCH, LYFTURÆÐAN OG FJÁRMÖGNUN NÝSKÖPUNAR

Fyrsti viðburður Nýsköpunarnefndar árið 2015 var með eftirminnilegum viðburði í Innovation House: PITCH, lyfturæðan og fjármögnun nýsköpunar. Þar komu saman nokkrar merkar konur úr nýsköpunarumhverfi; Salome Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Klak Innvið, Aðalheiður Jónsdóttir, kynningastjóri Rannís og Eyrún Eggertsdóttir, stofnandi RÓRÓ. Ragnheiður Friðriksdóttir, eigandi Reykjavík Concierge, sá um að kynna fyrirlesarana.

FYRIRTÆKJAHEIMSÓKN Í ORF LÍFTÆKNI OG SIF COSMETICS

24. apríl var nefndinni svo boðið í fyrirtækjaheimsókn til ORF Líftækni og SIF Cosmetics í Víkurhvarfi, þar sem höfustöðvar fyrirtækjanna eru til húsa.

Afar vel var tekið á móti hópnum og Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir og Dr. Björn Lárus Örvar eigandi fyrirtækjanna sögðu frá skemmtilegri sögu þessara áhugaverðu fyrirtækja.

VORFERÐ

Í lok maí er svo fyrirhuguð Vorferð í „Íslenska Kísildalinn“ eða Ásbrú á Suðurnesjum þar sem við hittum fyrir áhugaverða frumkvöðla og fyrirtæki.

SKÝRSLA UNGRA ATHAFNAKVENNA

Deildinni er ætlað að byggja upp tengsl milli reynsluríkari félagskvenna í FKA og ungra athafnakvenna sem eru að stíga sín fyrstu spor út í atvinnulífið.

Meðlimir stjórnar eru:

Formaður:	Lilja Gylfadóttir	Nemi í Viðskiptafræði við Háskóla Íslands
Varaformaður:		
Ritari:		

Aðrir í stjórn:

Kristel Finnbogadóttir Flygenring	Lögfræðingur hjá Innanríkisráðuneytinu
Rakel Guðmundsdóttir	Rekstrarstjóri Gló veitinga ehf. og nemi í Rekstrarverkfræði við Háskólann í Reykjavík
Karen Gylfadóttir	Viðburðastjóri Nova
Andrea Karlsdóttir	Markaðsstjóri Austurlanda Hraðlestarinnar

2014-15

STOFNFUNDUR

Stofnfundur Ungra Athafnakvenna (UAK) var haldinn 30. september 2014 í höfuðstöðvum KPMG á Íslandi. Mæting var vonum framar en um 160 metnaðargjarnar og áhugasamar ungar konur mættu á fundinn.

Lilja Gylfadóttir, formaður UAK ræddi markmið, stefnu og komandi viðburði og Þórdís Lóa, formaður FKA, Vala Halldórsdóttir, deildarstjóri Plain Vanilla og Hjördís Ýr Ólafsdóttir hjá KPMG deildu frábærum reynslusögum og gáfu góð ráð.

VINKONUHITTINGUR Í BLÁA LÓNINU

Starfsemi UAK fór formlega af stað með Vinkonuhittingi í Bláa lóninu. Þar tóku Margrét Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri, og Magnea Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Bláa lónsins, hlýlega á móti ungum athafnakonum í léttu spjalli í notalegu umhverfi. Frábært kvöld sem hristi góðan hóp saman.

SAMSKIPTI OG TENGLAMYNDUN

Aðrir viðburðir voru ekki af verri endanum en það má segja að samskipti og reynslusögur hafi verið rauði þráður starfsársins. Andrés Jónsson hjá Góðum Samskiptum fræddi UAK konur um tengslamyndun og mikilvægi tengslanets. Anna Steinsen hjá Dale Carnegie hélt vinnustofu sem bar titilinn „Eru góð samskipti lykill að árangri“ og Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri NOVA, deildi með okkur árangurssögum NOVA og svaraði spurningum um feril sinn og upphaf hans.

SAMNINGATÆKNI

Að lokum vorum við svo lánssamar að fá Sigurð Ragnarsson, sviðsstjóra Viðskiptafræðisviðs við Háskólann á Bifröst, til að halda fróðlegan fyrirlestur um samningatækni en þar ræddi hann einnig mun kvenna og karla þegar kemur að samningaviðræðum. Síðasti viðburðurinn okkar verður í maí og mun vera „lokaslúttið“ okkar.

ÞAKKLÆTI OG FRAMTÍÐARDRAUMAR

Starfsárið hefur verið í einu orði frábært og er virkilega gaman að sjá hvað Ísland er ríkt af ungum og metnaðarfullum konum. Orðið sem er okkur efst í huga er þakklæti en við erum gríðarlega ánægðar með þau viðbrögð sem við höfum fengið. Við horfum björtum augum til næsta starfsárs og erum þegar farnar að leggja drög að dagskránni.

SKÝRSLA VIÐSKIPTANEFNDAR

Leiðarljós nefndarinnar er að efla viðskiptatengsl milli félagskvenna

Meðlimir stjórnar eru:

Formaður:	Lilja Bjarnadóttir	Denim ehf. - Levi's
Varaformaður:	Áshildur Bragadóttir	Markaðsstofa Kópavogs
Ritari:	Hjördís Birna Hjartardóttir	Málflutningsstofa Reykjavíkur

Aðrir í stjórn:

Áslaug Thelma Einarisdóttir	Meðbyr almannatengsl
Hanna María Siggeirsdóttir	HMS Ásvellir ehf.
Laufey H Eyþórsdóttir	Arion banki-fyrirtækjasvið
Sólrún Anna Jónsdóttir	Ferðamálastofa
Þórhildur ÍDA Þórarinsdóttir	Álasund
Stella Leifsdóttir	Belladonna ehf.

2014-15

AÐVENTU- OG AFMÆLISSAMKOMA

Í nóvember var viðskiptanefnd með fulltrúa í undirbúningsnefnd fyrir aðventu- og afmælistamkomu FKA sem haldin var á VOX Club. Það var góð mæting og FKA konur fögnuðu þessum frábæru tímamótum þar sem skálað var fyrir 15 ára afmæli félagsins.

JÓLARÖLT

Eins og undanfarin ár fóru FKA konur í jólarölt til nokkurra valinna fyrirtækja. Heimsóknarsvæðið þessi jól var hafnarsvæðið í Reykjavík og Grandi. FKA konur heimsóttu Eirnýju í Búrinu, Önnu Svövu í Valdísi, hönnuðinn Steinunni Sig, Ester í Pelsinum og Sæunni í Sædis Bedeque. Við fengum glæsilegar móttökur hvar sem við komum. Síðan var endað í frábærum kvöldverði hjá Ylfu og Ástu á Kopar.

FYRIRTÆKJAHEIMSÓKN TIL BL

Í janúar bauð Erna Gísladóttir, forstjóri BL, FKA konum í heimsókn í bílaumboð sitt að Sævarhöfða. Erna er með yfirgripsmikla stjórnunarreynslu og var þetta afar fróðleg og skemmtileg heimsókn. Tæplega 100 FKA konur mættu á viðburðinn.

HÖNNUNAR MARS 2015

Hönnunarmars var haldin dagana 12.-15. mars. Viðskiptanefnd tók saman yfirlit um þær FKA konur sem tóku þátt í Hönnunarmars og kynnti á síðu FKA, þar sem kynnt var hvað þær væru að hanna og hvar þær væri að finna á þessari frábæru hátíð.

FKA Á VESTFJÖRÐUM

Viðskiptanefnd kom af stað undirbúningsvinnu fyrir stofnun FKA á Vestfjörðum. Í undirbúningshóp eru 25 framakonur á Vestfjörðum sem allar eru afar áhugasamar um að tengjast þessu frábæra tengslaneti sem FKA veitir konum um land allt. Von er um að undirbúningsvinnu ljúki á haustdögum og FKA á Vestfjörðum verði formlega stofnað.

FKA VIÐURKENNINGAR 2015

FKA heiðraði þrjár athafnakonur í Hörpu 29. janúar sl.



Það var mikið um dýrðir í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu þegar hinar árlegu viðurkenningar voru afhentar að viðstöddum fjölda kvenna og karla sem standa í framlínu íslensks viðskipta- og atvinnulífs. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður félagsins ávarpaði gesti og bauð þá velkomna en að því búnu afhenti Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra þremur athafnakonum sérstakar viðurkenningar.

FKA viðurkenninguna 2015 hlaut Guðbjörg Magnea Matthíasdóttir

Guðbjörg er einn aðaleigandi Ísfélags Vestmannaeyja hf., fædd og uppalin í Reykjavík. Að loknu stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands lá leið hennar í Kennaraháskóla Íslands. Hún útskrifaðist sem kennari vorið 1976 og giftist Sigurði Einarssyni, lögfræðingi og þáverandi forstjóra Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja og síðar Ísfélags Vestmannaeyja sem er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins.

Árið 2000 var ár áfalla í lífi Guðbjargar, fjölskyldu hennar og sögu Ísfélagsins. Í október það ár féll Sigurður frá og tveimur mánuðum síðar brann nýtt og glæsilegt frystihús félagsins. Að sögn

Guðbjargar kom samt aldrei annað til greina en að halda ótrauð áfram. „Allra vegna“ segir hún. „Bæði fjölskyldunnar og bæjarfélagsins vegna. Þetta var einn af fjölmennustu vinnustöðunum í Vestmannaeyjum og ekki annað í boði en að taka við kyndlinum og reka fyrirtækið áfram“. Það hefur hún gert allar götur síðan með glæsibrag; dugnaði og elju. Sjálf þakkar hún velgengnina ekki síst því hversu heppin hún er með samstarfsfólk – en þeir sem til þekkja eru sammála um að hennar eiginleikar; skynsemi, áhugi og innsæi – skipti ekki minna máli. Ísfélag Vestmannaeyja er nú með starfsemi bæði í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn á

Langanesi og er burðarás í báðum bæjarfélögum. Hjá félaginu starfa 250-300 manns. Er þá ótalin öll sú starfsemi sem Guðbjörg kemur að í öðrum félögum.

Hvatningarviðurkenninguna hlaut María Rúnarsdóttir



María er einn stofnenda Mint Solutions. Segja má að María hafi fengið frumkvöðlaeðlið í vöggugjöf. Faðir hennar, Rúnar Sigurðsson, oftast kenndur við Tæknival, er frumkvöðull á sínu sviði og dóttirin stóð varla fram úr hnefa þegar hún fór að láta til sín taka í fyrirtækinu. Byrjaði á að sópa gólfen eftir því sem árunum og sentimetrinum fjölgaði urðu verkefnið sífellt vandasamari. Þegar kom fram á unglingsár var hún orðin staðráðin í að stofna sitt eigið fyrirtæki bara um leið og henni dytti eitthvað „sniðugt“ í hug.

Hugmyndin kviknaði svo 2007 þegar hún og eiginmaður hennar Ívar Helgason læknir voru í framhaldsnámi við MIT og Harvard í Bandaríkjunum. En hugmyndin er ekki bara „sniðug“ heldur sparar hún tíma, mannafla og það sem meira er; bjargar mannlífum. Um er að ræða lyfjagreiði; tæki ætlað sjúkrahúsum sem þekkir lyf og sendir hjúkrunarfræðingum skilaboð um hvort viðkomandi lyfjagjöf sé rétt. Árið 2010, eftir

tveggja ára rannsóknir, stofnuðu María, Ívar og Gauti Reynisson fyrirtækið og hófust handa við að smíða frumgerð tækisins úti í bílskúr. „Það má kannski segja að strax þarna hafi það komið sér vel að hafa alist upp hjá frumkvöðli“ segir María. „Ég var alvön því að það væri unnið allan sólarhringinn, svo það kom mér ekki á óvart hversu gríðarleg vinna það er að stofna fyrirtæki.“ Vorið 2011 komu fyrstu íslensku fjárfestarnir að félaginu.

Eftir það hafa hlutirnir gerst hratt. „Sniðuga hugmyndin“ hefur nú þegar verið tekin í notkun á þremur sjúkrahúsum í Hollandi. Tveir erlendir sjóðir; franskur og hollenskur, hafa fjárfest í fyrirtækinu fyrir um 4 milljónir evra samtals. Sökum gjaldeyris-hafta hérlendis voru höfuðstöðvarnar fluttar til Hollands að kröfu fyrrnefndra fjárfesta. Starfsemin er hinsvegar nokkuð alþjóðleg og starfsmenn fyrirtækisins staðsettir á Íslandi, í Hollandi, Bandaríkjunum, Svíþjóð og Pakistan.

María Rúnarsdóttir er einn stofnenda og eigenda Mint Solutions og var stjórnarformaður þess um tíma. Nú situr hún í stjórn félagsins og hefur haft yfirumsjón með öllum samningum þess. Fyrir flesta væri þetta alveg nóg, en auk þessa gegnir hún stöðu fjármálastjóra hjá fasteignafyrirtækinu SMI og gegnir stöðu stjórnarformanns hjá fjármála-fyrirtækinu Artica Finance.

Þakkarviðurkenninguna hlaut Guðný Guðjónsdóttir



Það er ekki bara Félag kvenna í atvinnulífinu sem stendur í þakkarskuld við Guðnýju Guðjónsdóttur, eiganda Mokka-Kaffi. Nafn hennar og fyrirtæki er samofið íslenskri menningu; á sér öruggan stað í hjarta listamanna landsins sem og listunnenda – sæklera, stúdenta og hvers kyns spekulanta. Það er nánast óhætt að fullyrða að mikill meirihluti borgarbúa beri sterkar taugar til fyrirtækisins og

sé henni og fjölskyldu hennar óendanlega þakklát fyrir framlag þeirra til menningarlífsins í víðustu merkingu þess orðs.

Guðný og eiginmaður hennar Guðmundur Balvinsson stofnuðu Mokka-Kaffi fyrir 57 árum. Hann var þá nýkominn úr söngnámi á Ítalíu þar sem kaffi er annað og meira en lapbunn uppáhelling. Þar hafði kviknað sú hugmynd að kynna ítalska kaffimenningu fyrir Íslendingum og opna kaffihús. Guðný var aðeins meira hikandi í fyrstu enda hugmyndin þá æði nýstárleg. Hún ákvað samt að stökkva með honum út í djúpu laugina og í maímánuði 1958 tóku þau á móti fyrstu kúnnunum. Þeim fjölgaði síðan hratt og örugglega og sennilega var það listhneigð þeirra hjóna og vinsamlegt viðmót sem olli því að listamenn landsins tóku sérstöku ástfóstri við staðinn. Sú velvild var svo sannarlega endurgoldin

og smám saman urðu þau hjón nokkurs konar velgjörðarmenn skapandi fólks; gerðu þeim kleift að koma list sinni á framfæri.

Mokka-Kaffi er fjölskyldufyrirtæki í orðsins fyllstu merkingu. Börn þeirra hjóna kunna öll á espresso vélina og nú eru barnabörnin líka farin að baka vöflurnar ljúffengu bak við borðið. Eftir að Guðmundur lést árið 2006 hafa dætur þeirra Guðnýjar komið meira að rekstrinum en áður. „Ég er samt ekki tilbúin til að bakka alveg út“ viðurkennir Guðný. „Ég er svo þrjósk.“

Margir eru einmitt þakklátir fyrir þessa „þrjósku“ konunnar sem rekið hefur bæði kaffihús og „menningarsetur“ á Skólavörðustígnum í 57 ár; konunnar sem segist bara drekka einn kaffibolla á dag. „En hann verður að vera alvöru“ segir hún. „Einn espresso uppúr hádeginu og vatnsglas með.“



FÉLAGAR SÓTTU YFIR 50 ATBURÐI Á ÁRINU 2014

ÁRIÐ Í HNÓTSKURN

Í máli og myndum www.FKA.is – www.facebook.com – www.twitter.com
MAÍ

AÐALFUNDUR OG NÝ STJÓRN



Á aðalfundinum var kjörin ný stjórn og í tilefni 15 ára afmælis félagsins voru fyrrum formenn félagsins heiðraðir og þeim þökkúð góð störf í þágu félagsins.

Á myndinni er nýkjörin stjórn ásamt framkvæmdastjóra félagsins.

FKA Í KAUPMANNAHÖFN

Stofnfundur félags íslenskra kvenna í atvinnulífinu í Kaupmannahöfn var haldinn 22. maí síðastliðinn.

LEIÐTOGAAUÐUR VORFERÐ

LeiðtogaAuður fór vorferð á Geysi.



JÚNÍ

AFMÆLISMÓT

Sumarsólstöðu afmælistótt FKA og kvennanefndar GKG fór fram í Leir-dalnum í blíðskaparveðri þann 27. júní.



SEPTEMBER

HEIMSÓKN Í HÖFÐA



FKA OG BANDALAG KVENNA
Þórdís Lóa tók þátt í opnum fundi um ...



FKA OG NÝHERJI Í SAMSTARF

Nýherji og FKA hafa ákveðið að vinna saman að þekkingar- og fræðslu-málum.

FKA OG KVENN Í SAMSTARF


Félag kvenna í nýsköpun (KVENN) og FKA hefja formlegt samstarf um viðburði nýsköpunarnefndar FKA og KVENN, ásamt öðrum verkefnum.

HÚSFYLLIR Á STOFNFUNDI UNGRA ATHAFNAKVENNA



UAK er nefnd fyrir ungar konur með metnað fyrir starfsframa sínum og hefur það að markmiði að hvetja ungar konur til þess að stíga fram, skapa vettvang þar sem þær fá tækifæri til að læra hver af annarri, mynda tengslanet og skiptast á hugmyndum.

FAB LAB HEIMSÓKN



OKTÓBER

UNA SKINCARE HLÝTUR ÚH STYRKINN Í ÁR



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Árlega veita Íslandsstofa og FKA fyrirtæki styrk til setu í útflutnings-verkefninu ÚH. Verkefnið fer nú fram 25. árið í röð.

HAUSTFERÐ TIL NY

Félagsmenn fjölmenntu í haustferð til New York og heimsóttu m.a. Columbia Háskólann og Pulitzer stofnunina.



NÓVEMBER

15 ÁRA AFMÆLI FKA



Í tilefni af 15 ára afmæli félagsins var ákveðið að slá tvær flugur í einu höggi og halda afmælisteiti í bland við hið hefðbundna jólahlaðborð.



365 HEIMSÓKN

FKA heimsótti 365 miðla í Skaftahlíð.



ATVINNUREKENDAEILD

Fjölsóttur og áhugaverður fundur í lðnó.



FKA OG NASDAQ/VÍB

FKA @FKAIceland Nov 29

Konur í atvinnulífinu spjalla við Birnu: Félag kvenna í atvinnulífinu býður félagsmönnum sínum til fundar í da... <http://bit.ly/124bqHL> MYNDIR: Konur ræddu fjölbreytni í atvinnulífinu: Félag kvenna í atvinnulífinu boðaði til fundar í Hörpu . <http://bit.ly/1yvoW3T>



DESEMBER

FEMALE - TÆKIFÆRI KVENNA Í ATVINNUREKSTRI

Fundur um verkefni sem miða að því að styðja við konur í atvinnurekstri haldinn á Akureyri í samstarfi við Vinnumála-stofnun, Bygðastofnun, Atvinnuþróun-arfélag Eyjafjarðar og FKA.

JÓLARÖLT

Á aðventunni var rölt um miðbæinn og litið við hjá nokkrum félagskonum.



JANÚAR 2015

KICK OFF FUNDUR FKA

Hátt í 100 konur tóku þátt í frábærum Kick-off fundi sem haldinn var hjá Nýherja undir stjórn Rúnu Magnúsdóttur.

FKA @FKAIceland Jan 11

FKA konur byrjuðu árið með krafti: Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) stóð fyrir sinni árlegu „Kick-Off“ samko... <http://bit.ly/14KcOkk>



KONUR 30% VIÐMÆLENDNA FKA sendir fjölmiðlum áskorun. Hlutfall viðmælanda í ljósvakabáttum og fréttum 70% karlar gegn 30% konum á tímabilinu 1. febrúar 2009 til 30. ágúst 2013. Heildarfjöldi viðmælanda var yfir 100.000.

BL HEIMSÓKN



BL heimsókn til Ernu Gísla.

FKA VIÐÐURKENNINGAR 2015 Guðbjörg Magnea Matthíasdóttir hlaut FKA viðurkenninguna, Guðný Guðjónsdóttir Þakkarviðurkenninguna og María Rúnarsdóttir Hvatningarviðurkenninguna.



FKA @FKAIceland Jan 29

Verðlaunuðu kjarnakonur: Félag kvenna í atvinnulífinu afhenti sínar árlegu viðurkenningar í Hörpu í dag. Guðb... <http://bit.ly/1ziEfwD>

FEBRÚAR

ÍSLANDSBANKI AÐALSTYRKARAÐILI FKA



Íslandsbanki og Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) hafa undirritað nýjan samstarfssamning en bankinn hefur verið aðalstyrktaraðili félagsins frá árinu 2010. Samningurinn gildir til ársins 2017.

UAK LÆRA SAMNINGATÆKNI
Ungar athafnakonur (UAK) að kynna sér samningatækni hjá Sigurði Ragnarssyni frá Háskólanum á Bifröst.



FYRIRTÆKJAHEIMSÓKNIR Á AKUREYRI

Lilja Bjarnadóttir og Gyða Hennings verslunarstjóri í Benetton og Levi's tóku á móti félagskonum okkar fyrir norðan.



SPARK-Í-RASS FYRIR NORÐAN
FKA Norðurlands fékk Rúnu Magnúsdóttur stjórnarkonu FKA, alþjóðlegan fyrirlesara og stjórnendabjálfa í heimsókn.



MARS

ALÞJÓÐADAGUR KVENNA



Í samstarfi við stofnun Vigdísar Finnbogadóttur var efnt til málþings á alþjóðadegi kvenna 8. mars, undir yfirskriftinni „Tungumál og viðskipti“.

FKA OG NASDAQ

FKA @FKAIceland Mar 5

ÖRYGGI FJÁRFESTA RÆTT Á FUNDI OKKAR MEÐ @VIBSTOFAN @NASDAQICE OG NASKAR INVESTMENTS
[HTTPS://WWW.YOUTUBE.COM/WATCH?V=WRZHARINTY0 ...](https://www.youtube.com/watch?v=WRZHARINTY0...)



QUIZ-UP – PLAIN VANILLA
Fyrirtækjaheimsókn til Plain Vanilla. Fyrirtækið fór úr 10 starfsmönnum í 85 á einu ári!



APRÍL

NÝ STJÓRN LEIÐTOGAAUÐAR



Aðalfundur LeiðtogaAuðar fór fram 17. apríl og var ný stjórn kjörin og framboð endurnýjuð í nefndir.

ORF GENETICS & SIF COSMETICS
Nýsköpunarnefnd FKA heimsótti ORF Genetics og Sif Cosmetics



NETVERSLUN & KAUPHEGÐUN
Fjölmenni á "Netverslun og breytt kauphegðun" í Borgartúninu.



MAÍ

AÐALFUNDUR ATVINNU-
REKENDAEILDAR
Ný stjórn var kjörin á aðalfundi Atvinnurekendadeildin 7. maí.



Félag kvenna í atvinnulífinu

Ársreikningur

2014

FKA - Félag kvenna í atvinnulífinu
Borgartúni 35
105 Reykjavík
kt. 710599-2979

Skýrsla uppgjörsaðila

Til stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu.


Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir FKA vegna ársins 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða FKA við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans. Allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma fram í ársreikningnum.

Reykjavík, 12. mars 2015

F.h. Fastland ehf



Silja Dögg Ósvaldsdóttir

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðar höfum skoðað ársreikning Félags kvenna í atvinnulífinu fyrir árið 2014. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014.

Skoðunarmenn félagsins staðfesta hér með ársreikning þess fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. mars 2015



Sigrún Guðmundsdóttir



Guðrún Þórarinsdóttir

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félag kvenna í atvinnulífinu, FKA, er öflugt tengslanet kvenna. Markmið félagsins er meðal annars að sameina konur í atvinnulífinu og um leið að auka sýnileika og tækifæri þeirra með því að stuðla að virðingu og verðskuldaðri athygli samfélagsins á framlagi fyrirtækja sem rekin eru af konum.

Árið 2014 bauð FKA upp á rúmlega ólíka 50 viðburði auk þess að taka þátt í ýmsum verkefnum í samstarfi við ýmsa aðila. Aukning á fjölda viðburða og verkefna er í takt við fjölgun félagskvenna og virkni deilda og nefnda. Í dag eru yfir 1000 félagskonur skráðar í FKA. Tvær sjálfstæðar deildir eru starfræktar innan félagsins, LeiðtogaAuður og Atvinnurekendadeild.

Árið 2014 var stofnuð ný eining innan félagsins sem gengur undir nafninu Ungar athafnakonur (UAK). Sú eining miðar að því að ná til ungra kvenna á aldrinum 18-30 ára, sem eiga það sammerkt að hafa áhuga á atvinnulífinu, hafa metnað fyrir starfsframa sínum og vilja læra af leiðtogum atvinnulífsins. Í dag eru 110 félagskonur skráðar í UAK og eru haldnir sjálfstæðir viðburðir fyrir þann hóp. Á árinu flutti FKA skrifstofuaðstöðu sína yfir í Hús atvinnulífsins í Borgartúni 35, á 3. hæð hússins. Á miðju ári 2014 var starfsmaður félagsins færður úr 80% stöðugildi í 100%. Bókhaldinu er úthýst sem og tölvuþjónustu, heimasíðu og auglýsingagerð.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins af reglulegulegri starfsemi 3,1 m.kr. Stjórn félagsins ákvað að afskrifa óinnheimt félagsgjöld ársins 2013 um 1,5 m.kr og er rekstrarniðurstaða ársins því jákvæð um 1,5 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins 13,7 m.kr og bókfært eigið fé í árslok er 11,7 m.kr.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri staðfesta að samkvæmt þeirra bestu vitund gefur ársreikningur FKA fyrir árið 2014 glöggja mynd af rekstrinum og rekstrarafkomu félagsins. Stjórn og framkvæmdastjóri FKA staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014.

Framkvæmdastjóri


Hilda Bjarnadóttir


Í stjórn félagsins:


Þórdís Lóa Þórhallsdóttir


Guðrún Magnúsdóttir


Bryndís Emilsdóttir


Ljónn Jónsdóttir


Ingibjörg Guðmundsdóttir


Kolbrún Hrund Víðisdóttir


Ólöf Guðmundsdóttir Salmon

Rekstrarreikningur

	skýr- lingar	2014	2013
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld.....		19.813.212	17.187.600
Aðrar tekjur.....	4	12.115.882	12.314.410
		<u>31.929.094</u>	<u>29.502.010</u>
Rekstrargjöld			
Fundir og ráðstefnur.....	5	13.519.686	7.992.355
Laun og launatengd gjöld.....	6	8.940.559	7.296.620
Annar rekstrarkostnaður.....	7	6.467.372	10.168.518
		<u>28.927.617</u>	<u>25.457.493</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði.....		3.001.477	4.044.517
Fjármagnsliðir			
	1		
Fjármagnsgjöld.....		(170.931)	(169.350)
Fjármagnstekjur.....		274.882	273.753
		<u>103.951</u>	<u>104.403</u>
Hagnaður/Tap af reglulegri starfsemi.....		3.105.428	4.148.920
Tapaðar kröfur			
	2	1.520.110	638.399
		<u>1.520.110</u>	<u>638.399</u>
Afkoma ársins		1.585.318	3.510.521

Efnahagsreikningur

	skýr- lingar	31.12.2014	31.12.2013
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	3	7.939.600	3.832.525
Inneign virðisaukaskatts.....		0	113.900
Handbært fé.....		5.749.224	6.844.844
		<u>13.688.824</u>	<u>10.791.269</u>
Eignir alls		13.688.824	10.791.269

31. desember 2014

	skýr- lingar	31.12.2014	31.12.2013
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....		10.123.590	6.613.069
Hagnaður/tap ársins.....		1.585.318	3.510.521
		<u>11.708.908</u>	<u>10.123.590</u>
 Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		1.241.730	372.379
Ógr. laun og launtengd gjöld.....		693.806	167.037
Aðrar skammtímaskuldir.....		44.380	128.263
		<u>1.979.916</u>	<u>667.679</u>
Skuldir samtals		<u>1.979.916</u>	<u>667.679</u>
 Skuldir og eigið fé			
		13.688.824	10.791.269

Sjóðstreymi 2014

	2014	2013
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma ársins.....	1.585.318	3.510.521
Hreint veltufé frá rekstri	<u>1.585.318</u>	<u>3.510.521</u>
Rekstrarliðir		
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Breyting á rekstrartengdum eignum.....	(3.993.175)	(3.247.115)
Breyting á rekstrartengdum skuldum.....	<u>1.312.237</u>	<u>(327.277)</u>
Handbært fé til rekstrar	<u>(1.095.620)</u>	<u>(63.871)</u>
Lækkun handbærs fjár	(1.095.620)	(63.871)
Handbært fé í upphafi árs	<u>6.844.844</u>	<u>6.908.715</u>
Handbært fé í lok árs	<u><u>5.749.224</u></u>	<u><u>6.844.844</u></u>

Skýringar

1. Fjármagnsliðir

Fjármagnstekjur	2014	2013
Vaxtatekjur af bankareikningum.....	142.543	131.162
Dráttarvaxtatekjur.....	132.339	142.591
	<u>274.882</u>	<u>273.753</u>
 Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld.....	122.448	114.779
Fjármagnstekjuskattur.....	48.483	54.571
	<u>170.931</u>	<u>169.350</u>

2. Tapaðar kröfur

Félagsgjöld og aðar kröfur.....	1.520.110	638.399
	<u>1.520.110</u>	<u>638.399</u>

3. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	31.12.2014	31.12.2013
Óinnheimt félagsgjöld.....	7.074.397	3.350.450
Óinnheimtar kröfur vegna funda og ferða.....	865.203	86.750
Óinnheimtar kröfur vegna auglýsinga.....	0	395.325
	<u>7.939.600</u>	<u>3.832.525</u>

Sundurliðanir

	2014	2013
4. Aðrar tekjur		
Fundir, ferðir og ráðstefnur.....	9.792.141	5.338.000
Styrkir.....	2.323.741	2.669.410
Auglýsingatekjur FKA blaðs.....	0	4.307.000
	<u>12.115.882</u>	<u>12.314.410</u>

5. Fundir og ráðstefnur


Viðburðir.....	9.810.543	5.327.975
FKA viðurkenningin.....	2.926.165	2.247.678
Erlend starfsemi.....	782.978	416.702
	<u>13.519.686</u>	<u>7.992.355</u>

6. Laun og launatengd gjöld

Laun.....	7.004.772	5.754.656
Lífeyrissjóðsframlag.....	700.477	575.465
Tryggingargjald.....	607.598	509.090
Bifreiðastyrkir.....	300.000	290.000
Dagpeningar.....	194.035	76.485
Sjóðagjöld.....	110.677	90.924
Endurmenntun og námskeið.....	23.000	0
	<u>8.940.559</u>	<u>7.296.620</u>

7. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Heimasíða - forritun og uppsetning.....	3.019.744	2.066.875
Reikningshald.....	1.095.736	934.871
Rekstur húsnæðis.....	695.863	429.576
Burðargjöld.....	426.993	373.578
Styrkir.....	420.000	337.679
Pappír, prentun, ritföng.....	181.443	591.766
Bankakostnaður og þjónustugjöld.....	170.918	169.689
Sími.....	169.586	247.136
Auglýsingar og kynningarkostnaður.....	134.773	559.796
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	49.580	128.556
Félags- og aðildargjöld.....	40.049	103.910
Ráðstefnur.....	22.000	38.230
Viðhald áhalda og tækja.....	16.942	31.785
Innlendar bækur, blöð og tímarit.....	12.745	4.950
Aðkeyptur akstur.....	11.000	3.000
Tímaritaútgáfa.....	0	4.054.192
Rekstur tölvukerfis.....	0	92.929
	<u>6.467.372</u>	<u>10.168.518</u>



FARSÆLD Í 15 ÁR

